

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Félags skipstjórnarmanna**

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags skipstjórnarmanna, þriðjudaginn 7. nóvember 2017, kl. 13:00, að Borgartúni 30.

Mætt voru: Frá FS Árni Sverrisson og Karl Einar Óskarsson. Frá SNS Berglind Eva Ólafsdóttir, Ellisif Tinna Víðisdóttir og Inga Rún Ólafsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Úrvinnsla bókar 2 [2016] um mat á styttri starfstengdum námskeiðum

Með kjarasamningi aðila árið 2016 fylgir svohljóðandi bókun:

Úrvinnsla bókar 2 [2016] um mat á styttri starfstengdum námskeiðum

Aðilar eru sammála um að taka fyrstu skrefin í að meta styttri námskeið til launa og fela samstarfsnefnd að útfæra hvernig það verður gert.

Aðilar eru sammála um að við útfærsluna verði horft til samanlagðra kennslustunda en ekki einstakra námskeiða og geti veitt starfsmönnum allt að 2% persónuálag.

Vinnu þessari skal lokið fyrir 1. febrúar 2017 og taka breytingarnar gildi frá og með þeim tíma.

Niðurstaða:

Farið var yfir lista frá FS af námskeiðum sem starfsmönnum sveitarfélaga sem aðild eiga að FS stendur til boða að sækja og FS telur að fallið geti undir ákvæði bókarinnar. Fulltrúar SNS lögðu fram drög að reglum um mat á starfstengdum námskeiðum sem starfsþróunarnefnd SNS og aðildarfélaga BSRB og ASÍ er að móta. Fulltrúar FS munu fara nánar yfir reglurnar milli funda.

Fleira ekki gert, fundi slitið.